

## REGLUGERÐ

**um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan EES greiði aðeins hóflegt verð fyrir reikijónustu þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum í farsímaþjónustu. Þá er leitast við að efla neytendernd og val neytenda um leið og hvatt er til samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta.

2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerðin tekur til gjalda sem rekstraraðilum farsímaneta er heimilt að leggja á fyrir að veita alþjóðlega reikijónustu fyrir símtöl í farsímaþjónustu með upphaf og lúkningu innan EES og tekur bæði til gjalda milli rekstraraðila netkerfa í heildsölu og gjalda sem þjónustuveitendur heimaneta leggja á í smásölu.

3. gr.

*Viðurlög.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

4. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópusþingsins og ráðsins (EB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins frá 13. júní 2012, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, dags. 29. nóvember 2012, á bls. 487, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2012 frá 28. september 2012, sem birtist sem fylgiskjal við reglugerð þessa, um breytingu á IX. viðauka EES-samningsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IX. viðauka, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

5. gr.

*Gildistaka og heimild.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 1046/2008 um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan EES og reglugerð nr. 183/2010 um breytingu á reglugerð nr. 1046/2008 um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan EES.

*Innanríkisráðuneytinu, 7. desember 2012.*

**Ögmundur Jónasson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal.**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 173/2012**

**frá 28. september 2012**

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN**

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,  
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (endurútgefin) (<sup>1</sup>).
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 fellur úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 (<sup>2</sup>), en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

**ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:**

*1. gr.*

Texti liðar 5cu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007) í XI. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

**,32012 R 0531:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. mgr. 1. gr.:

„Nú háttar þannig til gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2012 frá 28. september 2012, sem hefur að geyma ákvæði um að fella reglugerð þessa inn í EES-samninginn, að Seðlabanki Evrópu birtir ekki opinbert gengi evru gagnvart íslenskri krónu og gildir þá opinbert gengi samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands sama dag.

Í tengslum við síðari gjaldtökumörk og hámarksgjald sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr., skal viðmiðunargengið, sem er notað til að ákvarða hin nýju gildi, vera opinbert gengi samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands tveimur mánuðum fyrir daginn sem nýju gildin eiga að öðlast gildi, að því er varðar íslenska krónu, enda sé ekki um hliðstæða skráningu að ræða hjá Seðlabanka Evrópu.“

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32.

Nr. 1174

7. desember 2012

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 7. mgr. 1. gr.:

„Nú háttar þannig til á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2012 frá 28. september 2012, sem hefur að geyma ákvæði um að fella reglugerð þessa inn í EES-samninginn, að Seðlabanki Evrópu birtir ekki opinbert gengi evru gagnvart íslenskri krónu og gildir þá opinbert gengi samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands sama dag.

Í tengslum við síðari gjaldtökumörk og hámarksgjald sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 13. gr., skal viðmiðunargengið, sem er notað til að ákvarða hin nýju gildi, vera opinbert meðalgengi samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands tveimur, þremur og fjórum mánuðum fyrir daginn sem nýju gildin eiga að öðlast gildi, að því er varðar íslenska krónu, enda sé ekki um hliðstæða skráningu að ræða hjá Seðlabanka Evrópu.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 531/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Atle Leikvoll*

formaður.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2012

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.